

Starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2025

Skýrsla stjórnar



Júní 2026

Vottunarstofan Tún ehf., Þarabakki 3, IS-109 Reykjavík
www.tun.is; tun@tun.is; +354 511 1330

Stjórn og starfsmenn Vottunarstofunnar Túns

Stjórn og varastjórn (kjörin á aðalfundi 2025)

Finnur Sveinsson, formaður	Eygló Björk Ólafsdóttir, varamaður
Gunnlaugur Kristján Jónsson, varaformaður	Pröstur Sigurðsson, varamaður
Stella Hrönn Jóhannsdóttir, meðstjórnandi	Þórarinn Egill Sveinsson, varamaður
Guðmundur Ármann Pétursson, meðstjórnandi	Pröstur Friðfinnsson, varamaður
Ragnhildur Helga Jónsdóttir, meðstjórnandi	Erla Kristinsdóttir, varamaður

Starfsmenn

Chloe G. Leplar, verkefnastjóri	Aðalbjörg Aðalbjörnsdóttir, verkefnastjóri
Marín Ósk Hafnadóttir, verkefnastjóri	Margrét Rós Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri
Gunnar Á. Gunnarsson, verkefnastjóri	Louise le Roux, verkefnastjóri

Þau þrjú fyrstnefndu eru í fullu starfi en aðrir í hlutastarfi eða einstökum verkefnum. Gæðaendurskoðun slf. annaðist bókhaldsumsjón. Auk þess unnu nokkrir einstaklingar að matsstörfum, rýni og innri úttektum fyrir félagið, ýmist í hlutastörfum eða verktöku.

Vottunarstofan Tún 1994-2024

Vottunarstofan Tún var stofnuð 9. september 1994. Markmið félagsins er að stuðla að innleiðingu vottunar og staðla fyrir sjálfbærar aðferðir í landbúnaði, sjávarútvegi, matvælavinnslu og nýtingu endurnýjanlegra náttúruauðlinda. Sem fyrr komu margir aðilar beint og óbeint að þeim verkefnum sem Tún vann á liðnu ári.

Meginverkefni Túns eru þrenns konar:

- (1) Eftirlit, úttektir og vottun framleiðslu á grundvelli staðla, laga og reglugerða,
- (2) viðhald og þróun innra gæðakerfis og
- (3) þróunarverkefni á sviðum umhverfisvottunar í vöruframleiðslu og þjónustu.

Félagið hefur átt drjúgan þátt í þróun vottaðrar sjálfbærrar framleiðslu hér á landi, fræðslu og kynningu fyrir atvinnulíf og stjórnvöld um sjálfbærar aðferðir, svo og þróun og innleiðingu nýrra vottunarsviða.

Faggildingar og starfsleyfi

Vottunarstofan Tún er faggild vottunarstofa samkvæmt Evrópustaðli um aðila sem reka vöruvottunarkerfi og samkvæmt reglugerðum um starfsemi faggildra vottunarstofa og um lífræna framleiðslu. Á árinu 2025 var faggildingin færð frá faggildingarsvið Hugverkastofu (ISAC) til SWEDAC að ósk ISAC. SWEDAC sannprófar þannig reglulega hvort Tún vinni í samræmi við staðalinn. Í september 2025 var Tún faggilt í fyrsta sinn af SWEDAC.

Þýska faggildingarstofan ASI Assurance (ASI) GmbH faggildir Tún til að annast vottun samkvæmt reglum MSC um vottun sjálfbærra sjávarnyttja (fiskistofna) og vottun samkvæmt reglum Marine Stewardship Council (MSC) um meðferð og rekjanleika sjávarafurða, svo og rekjanleika afurða úr ASC (Aquaculture Stewardship Council) vottuðu fiskeldi. ASI gerir árlega úttektir á gæðakerfi Túns og fylgist með úttektum á umræddum vottunarsviðum.

Tún annast vottun og eftirlit með lífrænni landbúnaðarframleiðslu á grundvelli samkomulags við Matvælastofnun. Samkomulagið felur í sér þjónustu við þau svið sem opinberar lagareglur um lífræna framleiðslu ná til, svo og veitingu starfsleyfa til þeirra sem hafa hlotið vottun. Tún annast vottun samkvæmt Vakanum – gæða- og umhverfiskröfum ferðaþjónustu – með heimild Ferðamálastofu. Þá annast Tún einnig vottun samkvæmt kröfum Bláfánans og Græna lykilsins með heimild Foundation for Environmental Education (FEE).

Vottunarþjónusta

Vottunarstofan Tún hóf vottunarþjónustu hér á landi árið 1996. Vottunarferli felst í afgreiðslu umsókna, úttektum og skýrslugerð matsmanna, rýni úttekta, úrvinnslu á niðurstöðum og ákvörðunum vottunarnefnda.

Tún annast nú vottun á eftirtöldum sviðum:

- Lífræn framleiðsla samkvæmt opinberum lagareglum
- Lífræn framleiðsla samkvæmt reglum Túns
- Náttúruafurðir og aðföng til lífrænnar framleiðslu
- MSC vottun fiskistofna
- MSC vottun rekjanleika afurða úr vottuðum fiskistofnum
- ASC vottun rekjanleika afurða úr vottuðu fiskeldi
- Vakinn – gæða- og umhverfisviðmið ferðaþjónustu
- Bláfáninn – vottun baðstranda, smábátahafna og siglinga með ferðamenn
- Græni lykillinn – vottun hótela og gististaða

Auk þessa annast félagið úttektir hér á landi fyrir þýska vottunarfyrirtækið Naturland og fyrir alþjóðlega umhverfisvottunarkerfið Earth Check.

Á árinu barst fyrirspurn frá Sustainable Eel Group (SEG) hvort Vottunarstofan Tún gæti tekið að sér að votta sjálfbærar álaveiðar á vesturströnd Evrópu. Það eru um 60 fyrirtæki í Evrópu sem eru með þessa vottun í dag og það er ein vottunarstofa sem þjónustar öll fyrirtækin. Stjórn Tún ákvað að fela Gunnari Á Gunnarssyni að skoða þetta nánar, sérstaklega í huga hvort það væru samlegðaráhrif með þessari vottun og vottun fiskistofna samkvæmt MSC. Fyrsta athugun bendir til að svo geti verið og er Tún í samtali við SEG og úttektaraðila á meginlandi Evrópu sem gætu tekið úttektir að sér meðan Tún sæi um verkefnastjórn.

Fjöldi starfsstöðva sem félagið vottaði á liðnu ári breyttist lítið frá fyrra ári í flestum greinum.

Innra gæðakerfi og þjálfun starfsmanna

Félagið heldur árlega námsfundi fyrir starfsmenn og verktaka í vottunarþjónustu einstakra sviða. Úttektarmenn félagsins sækja netnámskeið um framkvæmd úttekta og vinnubrögð við eftirlit mismunandi vottunarkerfa. Starfsmenn á sviði sjávarnytjavottunar sækja árlega ráðstefnu og námskeið Marine Stewardship Council, sem ætluð er til þjálfunar, fræðslu og samráðs.

Tún heldur gæðakerfi og verklagsreglur byggðar á alþjóðlegum stöðlum og ferlikröfum einstakra kerfa. Gæðakerfið er sannprófað reglulega með innri úttektum, rýni stjórnenda og áhættugreiningum. Endurskoðun þess er stöðugt verkefni, sem miðar að því að bæta starfshætti, vinnubrögð og þjónustu félagsins á einstökum vottunarsviðum.

Vottunarstofan Tún starfar nú – og er faggild – samkvæmt staðli ISO 17065 um aðila sem annast samræmismat á framleiðslu vöru og þjónustu. Sá staðall leggur sérstaka áherslu á ráðstafanir til að tryggja óhlutdrægni í vottunarþjónustu. Tún starfrækir óhlutdrægnisnefnd, skipaða sérfræðingum til að hafa eftirlit með þeim kröfum og veita stjórn og starfsmönnum álit um óhlutdrægni í verkferlum og vottunarstarfi. Óhlutdrægnisnefnd, sem er skipuð fulltrúum tilnefndum af landssamtökum og stofnunum auk fulltrúa úr hópi starfsmanna, skilaði sem fyrr skýrslu til Túns um stöðu þeirra mála.

Upplýsingaþjónusta og samstarf á innlendum vettvangi

Almenn upplýsingaþjónusta

Vottunarstofan Tún veitir almenningi og atvinnulífinu upplýsingar um umhverfisvottun og forsendur hennar í landbúnaði, sjávarútvegi, ferðaþjónustu og fleiri greinum. Fjöldi framleiðenda og neytenda leitar til Túns eftir upplýsingum um lífrænar og sjálfbærar aðferðir, vottun framleiðslu og hvar unnt er að nálgast vottaðar afurðir og um stöðu lífrænnar og sjálfbærrar framleiðslu hérlandis. Í flestum tilvikum er fyrirspyrjendum send nánari gögn, þ.e. fræðslubæklingar, vottunarreglur eða umsóknargögn. Þá leita erlendir og innlendir gagnabankar reglubundið eftir upplýsingum Túns um framvindu vottaðrar sjálfbærrar framleiðslu.

Reglur um lífræna framleiðslu og sjálfbærar náttúrunytjar

Matvælastofnun annast, fyrir hönd Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, uppfærslu og eftirlit með framkvæmd reglugerða um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Af þeim sökum á Vottunarstofan Tún margvíslegt samstarf við Matvælastofnun, sem einkum lýtur að túlkun reglugerðarinnar, skýrslugerð, framkvæmd eftirlits, sýnatökum og fleiru. Matvælastofnun tók við hlutverki lögbærs yfirvalds á þessu sviði 2019.

Nýtt regluverk sem gildi tók í löndum ESB í byrjun árs 2022 var fullgilt hér á landi vorið 2023 og fylgdu því nokkrar breytingar á fyrirkomulagi úttekta.

Samstarf við innlend samtök og hreyfingar

Tún á aðild að Náttúrulækningafélagi Reykjavíkur (NLFR) sem er umræðuvettvangur um náttúrulegar lækningaleiðir og fyrirbyggjandi heilsugæslu. Saga lífrænnar framleiðslu hér á landi er samofin sögu Náttúrulækningafélags Íslands (NLFÍ). Frumkvöðull þess, Jónas Kristjánsson læknir, vakti einna fyrstur Íslendinga athygli á mikilvægi lífrænna aðferða fyrir heilnæmi matvæla. Jónas og eftirmenn hans hjá NLFÍ hafa verið öflugir málsvavar lífrænnar þróunar.

Heilsustofnun NLFÍ (HNLFI) í Hveragerði og garðyrkjustöð þess hefur um árabíl verið uppeldisstaður marga þeirra sem síðar hafa sett á fót eigin ræktun og framleiðslu lífrænna afurða. Garðyrkjustöð hennar er vottuð til lífrænnar ræktunar og landsvæði Heilsustofnunar er hið fyrsta hér á landi, sem var yfirlýst *svæði án erfðabreyttra lífvera*.

Þátttaka í fjölþjóðasamstarfi

Aðild að starfi Alþjóðasambands fyrirtækja og samtaka í lífrænni framleiðslu

Vottunarstofan Tún er meðlimur í Alþjóðasambandi fyrirtækja og samtaka í lífrænni framleiðslu (IFOAM), sem standa fyrir heimsráðstefnum og svæðasamstarfi, gefa út tímarit og staðla um lífræna framleiðslu, og starfrækja sjálfstæða faggildingarstofnun. Tún á aðild að Íslandsdeild Evrópusambandshóps IFOAM. Hópurinn hélt nokkra fundi á árinu. Fulltrúi Íslands er dr. Ólafur R. Dýrmondsson, áður landsráðunautur Bændasamtaka Íslands í lífrænum búskap. Varamaður hans er Stefán Gíslason framkvæmdastjóri Umhverfisráðgjafar Íslands ehf.

Aðild að Foundation for Environmental Education

Að tilstuðlan Landverndar var þess farið á leit að Tún annist eftirlit og vottun tveggja alþjóðlegra vottunarkerfa, Bláfánans og Græna lykilsins, sem eru í eigu og umsjón alþjóðasamtakanna Foundation for Environmental Education (FEE). Aðild Túns var staðfest í byrjun árs 2020 og rekstur vottunarkerfanna tveggja hófst í kjölfar þess. Áhrif covid-19 farsóttarinnar á rekstur ferðapjónustunnar hömluðu framþróun á þessu vottunarsviði um tíma, en talsverð umskipti urðu til batnaðar á árunum 2023-2024.

Fjölþjóðlegt samstarf vottunarstofa og eftirlitsaðila

Tún tekur eftir efnum og ástæðum virkan þátt í fjölþjóðlegu samstarfi og sérfræðilegum skoðanaskiptum vottunarstofa og eftirlitsaðila. Samstarf þetta er bæði formlegs og óformlegs eðlis. Norrænir og baltneskir eftirlitsaðilar eiga með sér óformlegt samstarf og funda að jafnaði einu sinni á ári. Tún á samstarf við Evrópskar vottunarstofur um úttektir á sviði lífrænnar framleiðslu. Þá sækir Tún árlega fundi og námskeið fyrir vottunaraðila á sviði sjálfbærna sjávarnytja og ferðapjónustu.

Rekstur ársins 2025 - horfur í rekstri 2026

Starfsmannamál

Þrír nýir starfsmenn hófu störf á árinu 2025, Aðalbjörg Aðalbjörnsdóttir í byrjun árs, Marín Ósk Hafnadóttir og Margrét Rós Sigurjónsdóttir á öðrum ársfjórðungi.

Dregið var verulega úr starfshlutfalli Gunnars Á. Gunnarssonar á árinu og er hann nú aðallega í sérverkefni tengdum sjálfbærum álaveiðum og þjálfun nýs starfsmanns sem verkefnastjóra í fyrir vottun fiskistofna. Í byrjun árs 2026 var Elsa Eysteinsdóttir ráðin í það starf í 50% stöðugildi.

Stjórnarformaður hefur verið í 30-50% starfshlutfalli (ólaunað). Þetta er starf sem þarf að manna og var Margrét Rós ráðin í hlutastarf sem tekur yfir þetta hlutverk. Það er líklegt að þetta starf þurfi að vaxa í fullt stöðugildi. Til þess að fyrirtækið geti verið rekið á stöðugum grundvelli þurfa að minnsta kosti að vera fjögur full stöðugildi. Miðað við kostnaðargrundvöll fyrirtækisins þá þýðir það að veltan þarf að vera tæpleg 100 miljónir króna. Þar munar mestu um kostnað við faggildingu og rekstur gæðakerfis sem er ósýnilegur kostnaður gagnvart viðskiptavinum og erfitt að setja í gjaldskrá.

Húsnæðismál

Vottunarstofunni var sagt upp húsnæði fyrirtækisins að Parabakka 3 á fjórða ársfjórðungi 2025 og þurfti að flytja fyrir lok apríl 2026. Þó svo að húsnæðið í Parabakka væri óþarflega stórt þá var það hagstætt fyrir Vottunarstofuna. Áskorunin var að finna húsnæði sem hentar og á sambærilegu verði. Í lok apríl 2026 flutti Tún starfsemina í Fellsmúla 26 en það hefur nokkur kostnaðarauka í för með sér. Flutningurinn þurfti að gerast með stuttum fyrirvara þar sem erfit var að finna hentugt húsnæði innan fjárhagsramma Tún.

Vottunarstofunni hefur einnig borist erindi frá öðru fyrirtæki um samnýtingu húsnæðis og annarrar aðstöðu og er það til skoðunar, þá sérstaklega með tilliti til hagræðingar fyrir báða aðila.

Vegna flutninga er einnig nauðsynlegt að breyta samþykktum Vottunarstofunnar og færa heimilisfangið frá Parabakka 3, samanber tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum.

Vottunarkerfi og horfur á árinu 2026

Nokkur umræða hefur verið um umfang vottunarkerfa Vottunarstofunnar. Sú umræða byggir meðal annars á þeim kostnaði sem fellur til við að viðhalda faggildingu á viðkomandi sviði.

MSC rekjanleikavottun gengur ágætlega og er hryggjarstykkið í rekstri fyrirtækisins. Tollaumræða síðasta árs hafði áhrif á nokkra viðskiptavini Tún sem voru í útflutningi til Bandaríkjanna og sá markaður varð mjög erfiður sem hefur áhrif á rekstur Tún. Í byrjun árs 2026 bárust þær fréttir að Sýni hafi hætt úttektum á Íslandi fyrir Global Trust á sviði rekjanleika. Þetta hefur leitt til annars vegar til að úttektargjöld Global Trust hafa hækkað og hins vegar að nokkur fyrirtæki hafa fært viðskipti til Tún sem svarar til um 10-15% veltuaukningar vegna rekjanleikavottunar hjá Vottunarstofunni. Þetta er samtímis áskorun fyrir Tún þar sem að flutningur fyrirtækja til okkar er tímafrekur ferill.

Ferðabjónustuvottunin gengur ágætlega en þar eru blíkur á lofti. Það eru væntanlegar breytingar á uppbyggingu Green Key vottunarkerfisins en þær breytingar byggja á hugsanlegri nýrri löggjöf í Evrópusambandinu sem kallast í daglegu máli „Green Claim Directive“. Green Key er að auka verulega kröfur á vottunarhafa sem getur haft áhrif á fjölda fyrirtækja sem leita sér vottunar. Það er einnig verið að breyta uppbyggingu Green Key og það er hugsanlegt að úttektaraðili megi ekki vera starfsmaður vottunarfyrirtækisins. Þetta er ekki í samræmi við

verklag í öðrum úttektarkerfum og er Tún í samtali við FEE (eiganda Green Key) um þetta mál og nýtur þar meðal annars liðsinnis SWEDAC.

Vottunarkerfið Vakinn var í endurskoðun hjá ráðuneyti ferðamála og fengu allar vottunarstofur sem votta Vakann skilaboð frá Ferðamálastofu að bíða með allar nýjar vottanir og endurvottanir fram á haust 2025 eða uns ljóst verður hvað endurskoðun ráðuneytisins hefur í för með sér. Í lok árs 2025 fékk Tún veður af því að aðrir sem eru að votta Vakann væru að halda áfram að votta eins og ekkert hefði í skorist. Við athugasemdum Tún Vegna þessa fékk Vottunarstofan þau skilaboð að við mættum og ættum að halda áfram eins og ekkert hefði í skorist. Tún er því að taka aftur upp vottanir á Vakanum en mun skoða hversu vel það passar inn í vöruframboð fyrirtækisins í heild.

Tún er með samkomulag við MAST um kostnaðarpátttöku vegna faggildinar SWEDAC á Tún og gildir sá samningur út árið 2029. Á fyrsta ársfjórðungi 2026 samþykkti Alþingi að sameina MAST við Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs. Tún gengur út frá því að slíkt hafi ekki áhrif á núverandi samning við MAST. Það er aftur á móti alveg óljóst hvað gerist árið 2029, annars vegar hvort að samningur verði framlengdur um að Tún haldi áfram að votta lífrænt og hins vegar hvort að MAST taki þátt í faggildingarkostnaði Tún. Það er því brýnt að Tún byrji strax að leita leiða til hagræðinga eða grípi til annarra aðgerða til að milda möguleg áhrif af faggildingarkostnaði frá árinu 2030.

Það er gert ráð fyrir að samningar náist við SEG í byrjun þriðja ársfjórðungs 2026 um mögulega aðkomu Tún að vottun á sjálfbærum álaveiðum og þá mun „markaðsstarf“ hefjast til að afla viðskiptavina. Á svið fiskveiðivottunar MSC er ekki að vænta mikilla breytinga á árinu 2026.

Afkoma og tekjuþróun

Afkoma ársins 2025 án fjármagnsliða var 4.466.514 krónur. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur eru um 1,2 m.kr. og munar þar mestu um lán stjórnarformanns til félagsins og síðan fjármagnsgjöld vegna greiðsluþjónustu og erlendra greiðslna. Reiknaður tekjuskattur er 615.892 kr. en hann jafnast á móti tapi seinustu ára. Hagnaður eftir skatt er því 2.662.097 kr.

Lausafjárstaða Tún er almennt þrengri á fyrri hluta ársins en síðari hluta ársins. Helgast það af því að sumarið er tími lífrænnar framleiðslu og vottun í öllum kerfum er almennt umfangsmeiri síðari hluta ársins. Lausafjárstaðan er þröng í augnablikinu en það má gera ráð fyrir að hún lagist eftir því sem líður á árið.

Áætlanir ársins gerðu ráð fyrir þremur sviðsmyndum varðandi tekjur, óbreytt umfang, miðspá og háspá. Gert var ráð fyrir um 10% hækkun á launakostnaði og verðbótahækkun á öðrum kostnaði. Varðandi tekjur þá lítur út fyrir að tekjur séu nær háspá í lífræna og rekjanleika meðan ferðaþjónustan og fiskveiðimat sé nær óbreyttu umfangi. Launakostnaður mun hækka eitthvað umfram spár en annar kostnaður vera í samræmi við áætlun. Það er því líklegt að afkoma ársins 2026 verði svipuð og afkoman árið 2025 en það eru enn nokkrir óvissuþættir.

Á seinustu tveimur árum hefur fyrirtækið farið í gegnum algera endurnýjun á starfsfólki og það er von stjórnar að núna sé hægt að byggja upp fyrirtækið til að takast á við nýjar áskoranir. Lykilþáttur í að koma á ró eftir umrót seinustu ára er að geta haldið í núverandi starfsfólk, einfaldað ferla og vaxið í jöfnum skrefum. Markmiðið er að auka veltuna í yfir 100 m.kr. til að tryggja stöðugan rekstrargrundvöll.

Áskoranir 2026 eru ekki ósvipaðar og seinustu árs þ.e. að tryggja lausafjárstöðu fyrirtækisins og að aðlaga stjórnskipulag og verklag að nýjum veruleika þegar GÁG fer á eftirlaun og tryggja stöðugleika í rekstri. Það felur meðal annars í sér:

1. Auka tekjur, með því að fjölga vottunarhöfum, til að standa undir föstum kostnaði vegna faggildinga.
2. Færa þekkingu á verkefnastjórn vottunar fiskistofna á nýjan verkefnastjóra þegar GÁG lætur af störfum.
3. Straumlínulaga ferla með áherslu á stuðningsferla og rekstur skrifstofu til að auðvelda verklag úttektafólks.
4. Tryggja stöðugleika í starfsmannahaldi með góðu vinnuumhverfi og samkeppnishæfum kjörum.

Starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2025 – Skýrsla stjórnar

© Vottunarstofan Tún ehf. 2026-06-04